# Framkvæmdafréttir 7. tbl. /18

## Brúin yfir Ölfusá við Selfoss verður lokuð í viku um miðjan ágúst






*Dæmi um mögulega merkingu á leið frá Reykjavík.*

Fyrirhugað er að steypa nýtt gólf á Ölfusárbrú um miðjan ágúst. Horft er til dagsetningarinnar 13. ágúst en það getur breyst ef veður verður óhagstætt. Brúin sem byggð var árið 1945 þolir ekki meiri þunga og því er ekki hægt að malbika yfir núverandi brúargólf. Fræsa verður upp gamla steypta yfirborðið, 40-50 mm, og steypa að nýju með sérhannaðri þunnsteypu.

Á þessum tíma er áætlað að umferð verði 16-17 þús. bílar á sólarhring. Gert er ráð fyrir að flestir þeirra fari um Óseyrarbrú en það lengir leiðina um 15 km.

Áætlað er að hefja verkið um miðnætti og fræsa gólfið yfir nóttina. Opnað verður fyrir morgunumferð. Aftur verður lokað kl. 20 og steypt þá um nóttina. Steypan þarf nokkra sólarhringa til að harðna nægilega til að hægt sé að hleypa umferð á brúna en tíminn fer eftir lofthitastigi á framkvæmdatíma.

Lokunin verður kynnt vel, bæði í fjölmiðlum og með merkjum á öllum leiðum sem liggja að Selfossi. ■




*Merking á vegamótum Skálholtsvegar og Biskupstungnabrautar.*

**Útboðsvefur.is** - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum *Útboðsvefur.is* og *vegagerdin.is* en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.


**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 26. árg. nr. 686 16. júlí 2018**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **G. Pétur Matthíasson**
Prentun: **Oddi**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
**askrift@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.





***Dýrafjarðargöng***
*Í lok viku 26 var grafið í sprungu sem var í vinstri veggnum og lak nokkuð af vatni úr henni. Þegar greftri var haldið áfram kom í ljós að um var að ræða misgengi sem liggur skáhalt í gegnum göngin. Við enda misgengisins er svo berggangur sem liggur meira þvert á göngin. Vatnið rennur nú á afmörkuðum stöðum í veggjunum til sitthvorrar handar. Rennslið úr sprungunni er í heildina um 20 l/s og hefur rennslið minnkað aðeins frá því að opnaðist fyrst á vatnsæðina. Heildarrennsli vatns úr göngunum mældist rúmir 43 l/s. Hitastig vatnsins hefur lækkað úr 15,5 °C í 14,0 °C. Þegar komið var framhjá innskotinu tók við nánast þurrt basalt.*

Þessi auglýsing birtist fyrst í dagblöðum 7. júlí

## Vegagerðin - Leiguhúsnæði

20796 – Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir skrifstofur og geymslur ásamt útisvæði fyrir Vegagerðina. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 20 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu norðan Krísuvíkurvegar, sunnan/vestan Úlfarsár og vestan vegamóta Hringvegar við Norðlingavað á höfuðborgarsvæðinu.

Það skal vera gott aðgengi að húsnæðinu þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða, hjólandi og gangandi og næg bílastæði. Húsnæðið skal vera í nálægð við helstu stofnbrautir og almenningssamgöngur.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð alls 5.963 m$^2$. Húsrýmisþörf skrifstofuhúsnæðis er 3.541 m$^2$ og geymsluþörf (þjónustu- og grófrými) er 2.428 m$^2$. Þá þarf að fylgja 9.000 m$^2$ útisvæði.

Heimilt er að bjóða fram staðsetningu á húsnæði, geymslum og útisvæði með eftirfarandi hætti: Skrifstofuhúsnæði, geymslur og útisvæði á sama stað. Skrifstofuhúsnæði sér og geymslur og útisvæði á sama stað.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is þriðjudaginn, 10. júlí 2018.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggis, afhendingartíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 20796 skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út þriðjudaginn 21. ágúst en svarfrestur er til og með 24. ágúst 2018.

Leigutilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 13:00 miðvikudaginn 29. ágúst 2018.

Merkja skal tilboðin; nr. 20796 – Vegagerðin - Leiguhúsnæði.

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. gr.

Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar:
- Afhendingartíma húsnæðis.
- Staðsetningu, stærð og aldur húsnæðis og tillöguteikningar.
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu.
- Leiguverð per/m$^2$ og heildarleiguverð.
- Húsgjöld.
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða.
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag.

Áskilinn er réttur til að óska eftir því við leigusala að hann leggi fram úttektarskýrslu, frá óháðum aðila, um að húsnæðið sé laust við myglu. Það skal gert áður en skrifað er undir leigusamning.

RÍKISKAUP

*Mörk sem koma fram í auglýsingu Ríkiskaupa um staðsetningu á húsnæði fyrir Vegagerðina.*






*Dýrafjarðargöng, staða framkvæmda 8. júlí 2018. Búið er að sprengja samtals 2.902 m sem er um 54,7% af heildarlengd.*

*Heildarlengd ganga í bergi 5,3 km, vegskálar ekki meðtaldir.*






*Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) við Skriðuvatn. Þessi kafli verður nú endurbyggður. Myndin er tekin 2008.*

## Niðurstöður útboða

### Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), Skriðuvatn - Axarvegur 18-059

Tilboð opnuð 10. júlí 2018. Verkið felst í að leggja nýjan veg meðfram Skriðuvatni og þaðan langleiðina að Axarvegamótum ásamt tilheyrandi tengingum, ræsagerð og lögn klæðingar. Vegurinn fylgir að mestu núverandi vegstæði.
Lengd útboðskaflans er 6,1 km.
Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skeringar | 37.000 | $m^3$ |
| þar af bergskeringar | 700 | $m^3$ |
| Fyllingar | 81.000 | $m^3$ |
| Fláafleygar | 33.000 | $m^3$ |
| Ræsagerð | 900 | m |
| Styrktarlag | 41.000 | $m^3$ |
| Burðarlag | 11.000 | $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 47.000 | $m^2$ |

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1.október 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Þ.S. verktakar ehf. Egilsstöðum | 420.451.875 | 139,3 | 122.579 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 301.865.000 | 0,0 | 3.992 |
| 1 | Héraðsverk ehf. Egilsstöðum | 297.872.980 | 98,7 | 0 |

### Sauðárkrókur – dýpkun 2018 18-091

Tilboð opnuð 10. júlí 2018. Skagafjarðarhafnir óskuðu eftir tilboðum í dýpkun innan hafnar og framan við brimvarnargarð á Sauðárkróki.
Helstu magntölur eru:
Dýpkun í -8,5 m, 55.700 $m^3$
Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. október 2018.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Björgun ehf. | 59.491.000 | 120,2 | 9.024 |
| 1 | Jan de Nul N.V. | 50.467.400 | 102,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 49.490.000 | 100,0 | -977 |





Framkvæmdir 2018
Helstu verk í vega- og brúagerð sem unnið er að á árinu
Birt með fyrirvara um ófyrirséðar breytingar
Kort sem sýnir framkvæmdir við sjóvarnir og hafnargerð mun birtast síðar.
Djúpvegur (61) um Súðavíkurhlíð Snjóflóðavarnir / færsla vegar framhaldsverk og verklok 2018
Djúpvegur (61) Leiti - Eyri Endurbætur og klæðing 7 km verklok 2019
Tálknafjarðarvegur (617) Bíldudalsvegur - Tálknafjörður Festun og afrétting 2,9 km
Dýrafjarðargöng 5,3 km og vegtengingar 7,8 km Verklok 2020
Strandavegur (643) Hálsgata - Svanshóll Nýbygging og klæðing 7,4 km frágangur og verklok 2018, Brúargerð Bjarnardalsá 2018
Skarðsvegur (793) í Skarðsdal Vegur og plan við skíðaskála Nýbygging 1,1 km Verklok 2018
Hringvegur (1) um Akureyri Lagfæringar á fjórum gatnamótum Verklok 2018
Dagverðareyrarvegur (816) Endurbætur og klæðing 1,5 km Verklok 2018
Vaðlaheiðargöng 7,5 km Verklok 2018 Eigandi ganga: Vaðlaheiðargöng hf.
Dettifossvegur (862) Dettifossvegur vestri - Súlnalækur Burðarlag og klæðing st. 21180 -28900 Nýbygging og klæðing st. 28900-31600 Uppbygging með burðarlagi, fyllingum og styrktarlagi st. 31600-35000 Heildarlengd 13,8 km Verklok áfanga 2018
Kísilvegur (87) Kollóttaalda - Geitafellsá Endurbygging 11,2 km og bundið slitlag Verklok 2018
Borgarfjarðarvegur (94) við Vatnsskarðsvatn, í Njarðvík, um Njarðvíkurskriður Endurbætur og bundið slitlag Verklok 2018 og 2019 Hluti stærra verkefnis
Helgustaðavegur (954) utan Mjóeyrar Klæðing 1 km Verklok 2018
Örlygshafnarvegur (612) Skápadalur - Hvalsker Endurgerð og klæðing 6 km Frágangur og verklok 2018
Vestfjarðavegur (60) Hvolsdalur Styrking, breikkun og klæðing 6 km Verklok 2018
Vestfjarðavegur (60) Skriðuland - Brunná Festun og afrétting 1,3 km
Laxárdalsvegur (59) Gröf - Lambeyrar Endurbætur og bundið slitlag Verklok 2018
Snæfellsnesvegur (54) Nýbygging og klæðing 4,5 km Verklok 2019
Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará Stokkur og vegagerð 1 km Verklok 2019
Upphéraðsvegur (931) Teigaból - Bolalækur Endurbætur og klæðing 3 km Verklok 2018
Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) Skriðuvatn - Axarvegur Nýbygging og klæðing 6,1 km Verklok 2019
Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) Breiðdalsá, ný brú Verklok 2018
Arnarvatnsvegur (F578) brú á Norðlingafljót Verklok 2018
Snæfellsnesvegur (54) Endurbætur og klæðing 3,4 km Verklok 2018
Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn Endurbygging 5,1 km Brú á Berufjarðará Verklok 2018
Langavatnsvegur (533) Hringvegur - þjónustuhús Iðju Endurbætur og klæðing 1,36 km Verklok 2018
Skorradalsvegur (508) Vatnsendahlíð - Dagverðarnes Endurbætur og klæðing 3,7 km Verklok 2018
Laugarvatnsvegur (36) Grafará - Laugarvatn Styrking og breikkun 7,5 km Verklok 2018
Uxahryggjavegur (52) Borgarfjarðarbraut - Gröf Endurgerð og klæðing 3,8 km Verklok 2018
Þingvallavegur (36) þjónustumiðstöð - Klukkuhólar Endurbygging 8,3 km Verklok 2019
Laugarvatnsvegur (36) Sementsfestun Verklok 2018
Hringvegur (1) um Hornafjarðarfljót Byrjun framkvæmda, vegtenging við Hólm, verklok áfanga 2018
Kjósarskarðsvegur (48) Vindás - Fremriháls Endurbygging 7,5 km Verklok 2018
Hringvegur (1) um Esjumela Hringtorg, undirgöng og vegtengingar Verklok 2018
Biskupstungnabraut (35) Sementsfestun, tveir kaflar Verklok 2018
Hringvegur (1) Ný brú á Kvíá Verklok 2019
Hafnavegur (44) Færsla á vegtengingu við Reykjanesbraut að hringtorgi Verklok 2018
Biskupstungnabraut (35) Bræðratunguvegur - Múli Sementsfestun, tveir kaflar, samtals 4,2 km Verklok 2018
Framkvæmdir 2018
Bundið slitlag í lok árs 2017
Þjóðvegir með malarslitlagi
Grindavíkurvegur (43) Aðskilnaður akstursstefna 6 km Verklok áfanga 2018
Breiðholtsbraut (413) Göngubrú Verklok 2018
Hringvegur (1) Ný brú á Hólá Verklok 2018
Hringvegur (1) Ný brú á Stígá Verklok 2018
Hringvegur (1) brú á Ölfusá endursteypa á gólfi Verklok 2018
Grindavíkurvegur (43) Uppsetning á meðalhraðaeftirliti með myndavélum Verklok áfanga 2018
Grafningsvegur efri (360) Endurbætur og klæðing 5 km Verklok 2018
Skaftártunguvegur (208) Ný brú á Eldvatn og 2 km vegagerð Verklok 2019
Hringvegur (1) Ný brú á Brunná Verklok 2019
0 10 20 30 40 50 km
Hringvegur (1) Ný brú á Hverfisfljót Verklok 2019
Hringvegur (1) Selfoss - Hveragerði Undirgöng og nærliggjandi vegtengingar 2018 Hluti af stærra verki
Reykjavegur (355) Biskupstungnabraut - Laugarvatnsvegur Brú yfir Fullsæl og vegtenging brúar Verklok áfanga 2018
Ný gestastofa Kirkjubæjarklausturs Vegtenging Verklok 2019
10.07.2018- VAI



*Landeyjahöfn,*
*núverandi endi á varnargarði.*




## Landeyjahöfn, endurbætur

Hér á síðunni eru birtar niðurstöður útboðs endurbóta á Landeyjarhöfn.
Helstu verkþættir eru:

1. Tunna og grjótvörn á eystri brimvarnargarði.
   Lagfæring núverandi vegar og snúningssvæðis, lagning aðkomuvegar út á garðsenda.
   Bygging stáltunnu við enda eystri brimvarnargarðs, fyllt í tunnu með grjóti.
   Gengið frá grjótvörn og aðkomuvegi á garðsenda eystri brimvarnargarðs.
2. Tunna og grjótvörn á vestari brimvarnargarði.
   Endurbygging á núverandi veg, gerð snúningssvæðis, lagning vegar út á garðsenda.
   Bygging stáltunnu við enda vestari brimvarnargarðs, fyllt í tunnu.
   Gengið frá grjótvörn og aðkomuvegi á garðsenda eystri brimvarnargarðs.
3. Stækkun innri hafnar.
   Stækkun innri hafnarkvíar.
   Lenging skjólgarðs að vestanverðu
   Bygging stáltunnu á vestari garðsenda innri hafnar.

## Niðurstöður útboða

### Landeyjahöfn, endurbætur 2018 18-088

Tilboð opnuð 10. júlí 2018. Vegagerðin óskaði eftir tilboðum í endurbætur á Landeyjahöfn. Um er að ræða byggingu á tunnum á enda brimvarnargarða, grjótvörn á garðsendum, byggingu vegar út vesturgarð og stækkun innri hafnar.

Helstu magntölur:

Flokkað grjót og sprengdur kjarni úr námu . . . . . . . . . . . . . . . . . . 55.000 m$^3$
Flokkað grjót og sprengdur kjarni upptekt og endurröðun . . . . . . . . . . . 17.000 m$^3$
Dýpkun laust efni í -2,0 m . . . . . . . . . . 63.000 m$^3$
Rekstur staura . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 166 stk.
Gjarðir á tunnur . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11 stk.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. september 2019.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Munck Íslandi ehf. | 893.013.773 | 135,4 | 149.443 |
| 1 | Ístak hf. | 743.571.116 | 112,7 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 659.737.900 | 100,0 | -83.833 |




*Tunna sem mun koma á enda varnargarðs.*

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 18-095 Hringvegur (1), Biskupstungnabraut - Hveragerði, 1.áfangi | 2018 |
| 18-082 Sementsfestun og þurrfræsing á Norðursvæði og Vestursvæði 2018 | 2018 |
| 18-075 Sementsfestun og þurrfræsing á Vestursvæði | 2018 |
| 18-065 Varnargarður í Jökulsá á Fjöllum við Skjálftavatn í Kelduhverfi | 2018 |
| 16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur – þjónustuhús Iðju | 2018 |
| 18-031 Djúpvegur (61), Leiti – Eyri | 2018 |
| 18-033 Snæfellsnesvegur (54), Valavatn – Útnesvegur | 2018 |
| 18-032 Skorradalsvegur (508), Vatnsendahlíð – Dagverðarnes | 2018 |
| 18-024 Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará | 2018 |
| 18-015 Efniskaup steinefna, allt landið 2018 | 2018 |
| 18-014 Efnisvinnsla á Austursvæði 2018 | 2018 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 18-096 Snæfellsnes, sjóvarnir | 09.07.18 | 24.07.18 |
| 18-094 Reykjanesbraut (41), endurnýjun ljósastaura | 02.07.18 | 17.07.18 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 18-091 Sauðárkrókur - Dýpkun | 25.06.18 | 10.07.18 |
| 18-093 Vetrarþjónusta 2018-2021, Vík - Steinar: Hraðútboð | 18.06.18 | 03.07.18 |
| 18-092 Viðhald götulýsingar á Suðurlandi | 18.06.18 | 03.07.18 |
| 18-089 Skagaströnd - flotbryggjur | 11.06.18 | 26.06.18 |
| 18-059 Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), Skriðuvatn – Axarvegur | 25.06.18 | 10.07.18 |
| 18-088 Landeyjahöfn, endurbætur 2018 | 18.06.18 | 10.07.18 |
| 18-078 Hringvegur (1), hringtorg við Esjumela | 28.05.18 | 12.06.18 |
| 18-073 Grafningsvegur (360), Hagavík – Nesjavellir | 30.04.18 | 15.05.18 |
| 18-064 Grindavík, dýpkun | 16.04.18 | 03.05.18 |
| 18-062 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-061 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Vík – Kirkjubæjarklaustur | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-019 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Reyðarfjörður – Breiðdalsvík | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-037 Vetrarþjónusta um Fjarðarheiði | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-018 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Breiðdalsvík – Djúpivogur | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-016 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Höfn – Öræfi | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-022 Vetrarþjónusta á Fljótsdalshéraði | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-021 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92) um Fagradal | 09.04.18 | 24.04.18 |

| Útboð á samningaborði, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 18-017 Vetrarþjónusta Hringvegur (1), Hornafjörður – Djúpivogur | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-023 Vetrarþjónusta á Vopnafirði | 09.04.18 | 24.04.18 |
| 18-020 Vetrarþjónusta Norðfjarðarvegur (92), Reyðarfjörður – Neskaupstaður | 09.04.18 | 24.04.18 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 18-034 Endurbætur á Þingvallavegi (36) um þjóðgarðinn *Þjótandi ehf., kt. 500901-2410* | 20.03.18 | 06.07.18 |
| 18-084 Yfirlagnir á Suðursvæði, höfuðborgarsvæði - Reykjanes 2018, malbik *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499* | 05.06.18 | 20.06.18 |
| 18-083 Yfirlagnir á Suðursvæði, Hellisheiði - Selfoss 2018, malbik *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499* | 05.06.18 | 20.06.18 |
| 18-085 Yfirlagnir á Suðursvæði 2018, klæðing seinni hluti *Borgarverk ehf., kt. 540674-0279* | 05.06.18 | 21.06.18 |
| 18-080 Hringvegur (1), Breiðamerkurlón Hólá, Stigá, hraðútboð *Jökulfell ehf., kt. 530105-2370* | 24.05.18 | 29.06.18 |
| 18-077 Endurbætur, Búðareyri 11-13 *Og Synir, 481007-0700* | 25.05.18 | 28.06.18 |
| 18-009 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2018, malbik *Malbikun Akureyri ehf., kt. 690598-2059* | 23.05.18 | 21.06.18 |
| 18-076 Skaftártunguvegur (208), vegur um Eldvatn *Framrás ehf., kt. 591289-0559* | 24.04.18 | 14.06.18 |
| 18-072 Dagverðareyrarvegur (816), Hlaðir – Tréstaðir *Víðimelsbræður ehf., kt. 521015-0630* | 15.05.18 | 25.06.18 |
| 18-057 Yfirlagnir á Ísafirði og nágrenni 2018, malbik 2018 *Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499* | 15.05.18 | 07.06.18 |
| 18-069 Skagaströnd, smábáthöfn *Norðurtak ehf., kt. 503598-3229* | 08.05.18 | 23.05.18 |
| 18-005 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir, Suðursvæði og Austursvæði 2018 *Arnardalur sf., kt. 540678-0309* | 03.05.18 | 22.05.18 |
| 18-064 Grindavík, dýpkun *Björgun ehf., kt. 460169-7399* | 03.05.18 | 29.05.18 |
| 18-046 Vetrarþjónusta 2018-2021, Eyjafjörður að austan *Ísrefur ehf., kt. 470508-2560* | 25.04.18 | 26.06.18 |
| 18-049 Vetrarþjónusta 2018-2021, Tjörn – Möðrudalsleið *Jón Ingi Hinriksson ehf., kt. 460508-1770* | 25.04.18 | 21.06.18 |
| 18-040 Vetrarþjónusta 2018-2021, Holtavörðuheiði – Hvammstangavegamót *Addi ehf., kt. 520483-0399* | 25.04.18 | 20.06.18 |
| 18-041 Vetrarþjónusta 2018-2021, Hvammstangi – Blönduós *Guðmundur Vilhelmsson, kt. 010355-5919* | 25.04.18 | 20.06.18 |



| Samningum lokið, framhald | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 18-044 Vetrarþjónusta 2018-2021, Ketilás – Héðinsfjarðargöng *Bás ehf., kt. 611293-3059* | 25.04.18 | 20.06.18 |
| 18-045 Vetrarþjónusta 2018-2021, Eyjafjörður að vestan *Túnþökusala Kristins ehf., kt. 690604-4180* | 25.04.18 | 15.06.18 |
| 118-042 Vetrarþjónusta 2018-2021, Sauðárkrókur – Ketilás *Vélaþjónustan Messuholti ehf., kt. 640309-0830* | 25.04.18 | 12.06.18 |
| 18-043 Vetrarþjónusta 2018-2021, Sauðárkrókur – Blönduós – Sauðárkrókur *Vélaþjónustan Messuholti ehf., kt. 640309-0830* | 25.04.18 | 12.06.18 |
| 18-051 Vetrarþjónusta 2018-2021, Raufarhafnarvegur – Bakkafjörður *B.J vinnuvélar, Þórshöfn, kt. 600298-2249* | 25.04.18 | 28.06.18 |
| 18-048 Vetrarþjónusta 2018-2021, Kross – Húsavík – Lón *Vinnuvélar Reynis B. Ingvasonar ehf. kt. 670405-1090* | 25.04.18 | 28.06.18 |
| 18-050 Vetrarþjónusta 2018-2021, Lón – Raufarhöfn *Sel sf., kt. 610892-2059* | 25.04.18 | 27.06.18 |
| 18-047 Vetrarþjónusta 2018-2021, Vaðlaheiðargöng – Einarsstaðir *Vinnuvélar Reynis B. Ingvasonar ehf. kt. 670405-1090* | 25.04.18 | 18.06.18 |

| Samningum lokið, framhald | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 18-027 Vetrarþjónusta 2018-2021, Fróðárheiði og Útnesvegur *TS vélaleiga kt. 530596-2819* | 24.04.18 | 24.05.18 |
| 18-052 Skaftártunguvegur (208), brú á Eldvatn *Munck Íslandi ehf., kt. 701013-0340* | 24.04.18 | 31.05.18 |
| 18-012 Efnisvinnsla á Vestursvæði 2018 *Tak - Malbik ehf., kt. 560677-0149* | 17.04.18 | 26.03.18 |
| 18-002 Yfirlagnir á Vestursvæði 2018, klæðing *Borgarverk ehf., kt. 540674-0279* | 10.04.18 | 26.03.18 |
| 18-054 Tímabundin salernisaðstaða á áningarstöðum 2018-2020 Svæði 1,2,3,4 og 5 *Gámaþjónustan kt. 410283-0349* Svæði 6 *Íslenska gámafélagið kt. 470569-2289* | 04.04.18 | 17.05.18 |

| Öllum tilboðum hafnað | | |
|---|---|---|
| 18-063 Arnarvatnsvegur (F578), brú á Norðlingafljót | 16.04.18 | 03.05.18 |

| Engin tilboð bárust | | |
|---|---|---|
| 18-060 Vetrarþjónusta Vestur-Skaftafellssýslu 2018-2021, Eyjafjöll – Vík | 09.04.18 | 24.04.18 |

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta 2018 – 2021, Vík - Steinar: Hraðútboð 18-093

Tilboð opnuð 3. júlí 2018. Vetrarþjónusta árin 2018-2021 á eftirtöldum leiðum:
Hringvegur (1), Vík - Steinar 43 km
Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - bílaplan 5 km
Dyrhólavegur (218), Hringvegur - bílaplan 7 km
Mýrdalsjökulsvegur (222), Hringvegur -Ytri-Sólheimar 1 km
Sólheimajökull (221, Hringvegur - bílaplan 5 km
Skógar (2420)(2440), Hringvegur - byggðasafn 1,5 km
Heildarlengd vegakafla er 62,5 km.
Helstu magntölur á ári eru:
Akstur mokstursbíls 12.500 km.
Verklok eru 30. apríl 2021.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Arnar Stefánsson, Rauðalæk | 23.256.750 | 138,7 | 6.402 |
| 2 | Narvaexpress sf., Reykjavík | 20.609.910 | 122,9 | 3.755 |
| 1 | Kdalur ehf., Hvolsvelli | 16.855.100 | 100,5 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 16.770.000 | 100,0 | -85 |

### Skagaströnd, flotbryggjur 2018 18-089

Tilboð opnuð 26. júní 2018. Skagastrandarhöfn óskaði eftir tilboðum í útvegun og uppsetningu á alls 80 m af steinsteyptum flotbryggjum með landgöngum, fingrum, botnfestum og tilheyrandi búnaði.
Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2018.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Príma ehf., Kópavogi | 367.310.500 | 2225,3 | 352.311 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 49.710.000 | 100,0 | 6.968 |
| 2 | Köfunarþjónustan ehf., Reykjavík | 47.128.034 | 94,8 | 4.386 |
| 1 | Króli ehf., Garðabæ | 42.741.747 | 86,0 | 0 |

### Viðhald götulýsingar á Suðurlandi 18-092

Tilboð opnuð 3. júlí 2018. Vinnusvæðið er þjóðvegir á Suðurlandi frá Hveragerði/Þorlákshöfn í vestri og austur fyrir Kirkjubæjarklaustur, samtals um 1.200 staurar.
Verktími er frá 1. ágúst 2018 og gildistími samnings er til 31. júlí 2021 með möguleika á framlengingu.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Þjótandi ehf., Hellu | 148.741.700 | 424,4 | 90.497 |
| 1 | Raflagnaþjónustan, Selfossi | 58.245.000 | 166,2 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 35.047.500 | 100,0 | -23.198 |







*Bíldudalsvegur (63), Fossá í Fossfirði sem er einn af Suðurfjörðunum sem ganga inn úr Arnarfirði. Brúavinnuflokkur Sigfúsar Kristjánssonar byggði brúna 1955. Eldri myndin er úr safni Jóns J. Víðis. Yngri myndin var tekin á hádegi 27. september 2017.*